

RÍÓ

294 tbl. júlí 2018

# MYNDIR

mánaðarins



# MAMMA MIA!

— HERE WE GO AGAIN —



OLZA  
**PRINCE POLO**  
od 1955 roku

# SUMARFJÖR

**Viltu vinna  
500.000 kr?**

Taktu þátt á [PRINCEPOLO.IS](http://PRINCEPOLO.IS)



Í nestispásunni



Í vinnunni



Í sveitasælunni

**1.** Fáðu þér Prince Polo á næsta sölustað

**2.** Skemmtu þér með Prince Polo í sumar og taktu mynd af fjörinu

**3.** Sendu myndina þína inn á [PRINCEPOLO.is](http://PRINCEPOLO.is) og segðu við hvaða tilefni myndin var tekinn

Aðalvinningshafi  
verður valinn 24. ágúst



Coca-Cola

NÝTT  
Í BÍO  
FRUMSÝND  
11. JÚLÍ



D W A Y N E J O H N S O N

# SKYSCRAPER

LAUGARÁS  BÍO  
BARA LÚXUS

SMÁRA  BÍO

HÁSKÓLA  BÍO

ÁLFABAKKI  SAMBÍO

SP. BÍOIN  ECILSHÖLL

BORGAR  BÍO



## Jæja ...

Ekki fór það nú svo að við Íslendingar yrðum heimsmeistarar í fótbolta í ár en eins og alltaf í öllum tilvikum þá kemur dagur eftir þennan dag og nú er bara að setja stefnuna á næsta mót. Það jákvæða er að landsliðið stóð sig samt afar vel, vann riðilinn í undankeppninni, skoraði í sínum fyrsta leik fyrsta mark Íslands í lokakeppni heimsmeistaramóts, vann fyrrverandi heimsmeistara Argentínu 1-1 og hefði bara þurft að laða að sér eins og tvær til þrjár lukkudisir í viðbót til að komast upp úr riðlinum og í sextán liða úrslitin. En þetta kemur allt alveg áreiðanlega næst.

Bíodagskrá kvikmyndahúsanna í júlí inniheldur að þessu sinni óvenju fáar myndir, eða þær sjö sem sjá má nöfnin á hér fyrir neðan og eru svo að venju kynntar nánar aftur í blaðinu:

1. júlí	Ant-Man and the Wasp	Bls. 18
4. júlí	Ævintýraferð fakirsins sem festist inni í IKEA-skáp	Bls. 20
11. júlí	Hótel Transylvania 3: Sumarfríið	Bls. 21
11. júlí	Skyscraper	Bls. 22
18. júlí	Mamma Mia! Here We Go Again	Bls. 24
18. júlí	The Equalizer 2	Bls. 26
18. júlí	Hereditary	Bls. 28

Og eins og alltaf hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á DVD- og VOD-útgáfuna sem finna má hinum megin í blaðinu auk kynningar á einum nýjum tölvuleik og endurkynningar á öðrum.


- Góða skemmtun!

# ...verðlaunin fyrir besta bíónammið fær



## Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá **hvolpinn** og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna pínulítinn hvolp sem gleymdi sér inni á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 

Ef þú finnur hvolpinn og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem hvolpurinn er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og póstnúmer með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. júlí**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði sem kemur út í lok júlí.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu ugluna:

Fannar Þórir Samúelsson, Blikahólum 10, 111 Reykjavík  
Mikael Guðbrandsson, Birtingakvísl 34, 110 Reykjavík  
Erna Dögg Brynjarsdóttir, Sandprýði 3, 210 Garðabæ  
Hólmfríður S. Traustadóttir, Prastarhöfða 21, 270 Mosfellsbæ  
María Hrönn Valberg, Hæðarbyggð 12, 210 Garðabæ

Takk fyrir þátttökuna!

## MYNDIR MÁNAÐARINS

294. tbl. júlí 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: [www.myndirmanadarins.is](http://www.myndirmanadarins.is)

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök

Litríkt bíónammi







**BRJÓTTU UPP DAGINN  
MEÐ KITKAT**







Fjórar af þeim myndum sem frumsýndar voru í bíóhúsumum í júní og eru enn í sýningu þegar þetta blað kemur út.

Þegar þetta blað kemur út er júní svo gott sem á enda runninn og hefur verið boðið upp á fjölbreytta skemmtun í bíó í mánuðinum eins og t.d. *Jurassic World: Fallen Kingdom*, *Adrift* eftir Baltasar Kormákk þar sem Shailene Woodley fer á kostum í aðalhlutverkinu, fléttumyndina *Ocean's 8*, Pixar-myndina frábæru um hina ótrúlegu Parr-fjölskyldu og hina léttu og skemmtilegu *Book Club* þar sem þær Jane Fonda, Diane Keaton, Candice Bergen og Mary Steenburgen hafa fengið marga til að hlæja. Flestar þessar myndir verða vafalaust í sýningu langt fram í júlí þannig að það þarf enginn að láta þær fram hjá sér fara.



Myndirnar sem voru frumsýndar 27. júní eiga það sameiginlegt að þykja afar góðar: *Love, Simon*, *Tag* og *Sicario: Day of the Soldado*.

27. júní verða síðan þrjár síðustu myndir mánaðarins frumsýndar en þær eiga það sameiginlegt, þótt ólíkar séu að öðru leyti, að hafa fengið afar góða dóma. Þetta eru myndirnar *Love, Simon* þar sem nýstirnið Nick Robinson fer á kostum í aðalhlutverki, gamanmyndin *Tag* sem margir hafa sagt að sé ein besta gamanmynd ársins hingað til og svo spennuhasarinn *Sicario: Day of the Soldado* með Josh Brolin og Benicio Del Toro í aðalhlutverkum, en fyrstu dómar um þá mynd hafa verið afar góðir og þykir hún gefa fyrri myndinni, einni bestu mynd ársins 2015, lítið sem ekkert eftir. Við hér á Myndum mánaðarins viljum að sjálfsögðu hvetja sem flesta til að skella sér á þessar myndir.



Clint Eastwood, sem hélt upp á 88. afmælisdag sinn 31. maí, er nú að leikstýra nýrri mynd sem heitir *The Mule* en hún segir frá níðæðum manni, Earl Stone, sem fellur í þá freistni að smygla þremur kílóum af kókaíni frá Mexíkó til Bandaríkjanna fyrir mexíkóskan eiturfjáhring. Sagan er sögð styðjast við sanna atburði en handritið er skrifað af Nick Schenk sem skrifaði einnig hina góðu mynd *The Judge* og myndina *Gran Torino* sem Clint leikstýrði einmitt 2008 með sjálfum sér í aðalhlutverki. Þá héldu margir að Clint hefði leikið í sinni síðustu mynd, enda þótti hann gefa það

sterklega í skyn með endi þeirrar myndar en svo er nú aldeilis ekki því hann mun leika hinn níðæða Earl. Með helsta hlutverk á móti honum fer Bradley Cooper og er þetta í annað sinn sem þeir tveir vinna saman því eins og menn muna lék Bradley aðalhlutverkið í mynd *Clints*, *American Sniper*, sem var frumsýnd fyrir fjórum árum.



Elton John og Bernie Taupin. Myndin er sennilega tekin árið 1970.

Nýlega var hafist handa við gerð myndar um ævi tónlistarmannsins Reginalds Kenneth Dwight sem flestir þekkja sennilega betur sem Elton John. Myndinni sem nefnist *Rocketman*, og fjallar fyrst og fremst um upphafið að hinum glæsta ferli Eltons, verður leikstýrt af Dexter Fletcher (*Sunshine on Leith*, *Eddie the Eagle*) en handritið er skrifað af Lee Hall sem skrifaði m.a. handritin að *Billy Elliot*, *War Horse* og *Victoria & Abdul*. Á dögnum var tilkynnt að Jamie Bell hefði verið ráðinn til að leika textahöfundinn og nánasta samstarfsmann Eltons, Bernie Taupin, en áður hafði verið gert heyrnumkunnugt að það yrði Taron Egerton sem myndi leika goðið sjálft. Nánari frétt er að vænta á komandi vikum um hverjir munu leika önnur hlutverk en ekkert liggur fyrir um frumsýningardag þótt líklegt þyki að myndin verði tilbúin í desember á næsta ári.



Stilla úr nýjstu mynd Roberts Zemeckis, *Welcome to Marwen*.



Fyrsta stiklan úr næstu mynd kvikmynda-listamannsins Roberts Zemeckis var frumsýnd á dögnum og hefur vakið verðskuldaða athygli. Myndin nefnist *Welcome to Marwen* og sækir efnið í líf listamannsins og ljósmyndarans Marks Hogancamp sem varð fyrir því í apríl árið 2000 að fimm menn réðust á hann og börðu hann nánast til ólífis. Mark lifði þó af og eftir að hafa verið í dái í níu daga vaknaði hann á sjúkrahúsi gjörsamlega minnislaus. Í ljós kom að hann hafði orðið fyrir heilaskemmdum og eftir að hafa verið á sjúkrahúsi í 40 daga í viðbót þurfti hann að byggja líf sitt upp aftur frá grunni. Til þess greip hann til óvenjulegra ráða sem áttu eftir að vekja mikla athygli en um þau gerði kvikmyndagerðarmaðurinn Jeff Malmberg heimildarmyndina *Marwencol* árið 2010. Það er Steve Carell sem leikur Mark í myndinni og eru margir þegar farnir að spá því að hann verði tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir það. Kíkið endilega á þessa stiklu á netinu, hún er meira en þess virði.



NÓA



## NÚ HAFA ALLIR HNÖPPUM AÐ HNEPPA Í SUMAR

Loks eru Nóa hnapparnir fáanlegir í pokum.  
Nældu þér í ljúffenga perluhnappa og lakkrishnappa í næstu verslun.





Ryan Gosling leikur Neil Armstrong í *First Man* eftir Damien Chazelle.



Nýjasta mynd leikstjórans Damians Chazelle, sem gerði myndirnar *Whiplash* og *La La Land* og hlaut Óskarsverðlaunatilnefningu fyrir leikstjórn þeirra beggja og styttuna sjálfa fyrir þá síðarnefndu, er nú svo gott sem klár en hún nefnist *First Man* og verður frumsýnd í október. Eins og í *La La Land* er það Ryan Gosling sem fer með aðalkarhlutverkið en myndin er byggð á bók James R. Hansen um Neil Armstrong sem þann 20. júlí árið 1969 varð fyrsti maðurinn til að stíga fæti á tunglið. Myndin fjallar samt ekki um tunglögönguna

sjálfa heldur fyrst og fremst um undirbúninginn og Armstrong sjálfan en bæði hann og samferðamenn hans til tunglsins, þeir Buzz Aldrin og Michael Collins, gátu að sjálfsgöðu átt von á dauða sínum enda hafði svona ferð aldrei verið farin áður og því var áhættustuðullinn háur. Á dögumum var fyrsta stiklan úr myndinni frumsýnd og er óhætt að segja að hún lofi góðu. Kíkið á hana.



Tiffany Haddish og Kevin Hart elda saman grátt silfur í *Night School*.



Ein af þeim myndum sem frumsýna á í september er nýjasta gamanmynd leikstjórans Malcolms D. Lee (*The Best Man*, *Girls Trip*) en hún nefnist *Night School* og er að stórum hluta skrifuð af aðalleikaranum, grínistanum Kevin Hart. Myndin segir frá Teddy Walker sem finnst hann vera fastur í öngstræti því vegna menntunarskorts fær hann að eigin mati ekki starf við hæfi og því síður laun sem nægja til að framfleyta fjölskyldunni sem hann langar að búa til. Reyndar er ekki beint um menntunarskort

að ræða heldur öllu frekar einkunnaskort því Teddy hafði flosnað upp úr náminu ungur að árum og aldrei lokið framhaldsskólaprófi. Til að ráða bót á þessu ákveður Teddy að fara í kvöldskóla, en málið vandast þegar hann uppgötvar að kennari hans gerir kröfur og mun ekki láta hann komast upp með neitt annað en að læra t.d. í alvörinni þá stærðfræði sem þarf að kunna skil á til að ná prófinu. Og hvað annað getur Teddy þá gert en að leggja á ráðin um að stela prófgögnunum? Kíkið endilega á bráðfyndna stikluna.



Það bíða margir spenntir eftir að sjá hvernig Bradley Cooper hefur tekist til við gerð sinnar fyrstu myndar sem leikstjóri, en hún heitir *A Star is Born* og er eins og flestir vita byggð á samnefndri mynd frá árinu 1937 sem var með þeim Fredric March og Janet Gaynor í aðalhlutverkum og naut gríðarlegra vinsælda á sínum tíma. Sagan var síðan endurgerð af George Cukor árið 1954 með James Mason og Judy Garland í aðalhlutverkunum og svo aftur af Frank Pierson árið 1976, en þar voru Kris Kristofferson og Barbra Streisand í aðalhlutverkum. Þann 5. október er sem sagt komið að útgáfu Bradleys Cooper sem leikur sjálfur aðalhlutverkið ásamt Stefani Joanne Angelinu Germanottu, öðru nafni Lady Gaga. Sagan fjallar í stuttu máli um kántrísöngvara sem kominn er af hátindi frægðar sinnar og er á svo gott sem sjálfskipaðri hraðferð niður og á útleið, ekki síst vegna óhóflegrar drykkju og meðfylgjandi kæruleysis. Dag einn hrífst hann mjög af framkomu óþekkrar söngkonu og ákveður í framhaldi af nánari kynnum þeirra að aðstoða hana við að ná frekari frama og frægð þótt hann sé sjálfur að brenna út.

Fyrsta stiklan úr myndinni var frumsýnd fyrir skömmu og til að gera langa sögu stutta eru margir í Hollywood farnir að gera því skóna að myndin verði ein þeirra sem keppa muni um Óskarsverðlaunin á næsta ári. Við sjáum til með það og bíðum róleg til 5. október.



Bradley Cooper og Lady Gaga í hlutverkum sínum sem þau Jackson og Ally, en þetta er fyrsta aðalhlutverk Lady Gaga í bíómynd.





# Hörkustöff frá náttúrunni.

Í flösku.



Þessi smoothie inniheldur B2, B3, B6 og C-vítamín sem eiga sinn þátt í að draga úr þreytu og magnleysi. Að neyta drykkjarins er hluti af heilbrigðum lífsstíl og hollu og fjölbreyttu mataræði.






Leikstjórinn Fede Alvarez ásamt aðalleikurunum í *The Girl in the Spider's Web*, Claire Foy sem leikur Lisbeth Salander og Sverri Guðnason sem leikur blaðmanninn Mikael Blomkvist.



Lisbeth Salander snýr aftur á stóru tjöldin í bíó í október þegar nýjasta myndin um hana og blaðmanninn Mikael Blomkvist verður frumsýnd. Myndin er gerð eftir fjórðu bókinni um þau og málin sem þau glíma við en hún kom út 2015 og er eftir rithöfundinn David Lagercrantz sem var fenginn til að halda áfram með söguna um þessar persónur sem Stieg Larsson skapaði í bókunum *Karlar sem hata konur*, *Stúlkan sem lék sér að eldinum* og *Loftkastalinn sem hrundi*, áður en hann féll frá árið 2005, aðeins rúmlega fimmtugur að aldri. Fjórða bókin, sem heitir á sænsku *Det som inte dödar oss*, hlaut mjög góðar viðtökur og fékk David mikið hrós fyrir hversu vel hann fylgdi stíl Stiegs og ekki síður að honum skyldi takast að ná fullkomlega utan um persónur hans.

*Det som inte dödar oss* var þegar þýdd á hátt í fjórutíu tungumál, þ. á m. á íslensku af Höllu Kjartansdóttur, og heitir *Það sem ekki drepur mann* á íslensku. Á ensku heitir hún hins vegar *The Girl in the Spider's Web* í samræmi við fyrri heiti á bókum Stiegs á ensku sem byrja allar á „*The Girl ...*“. Sagan í henni gerist nokkrum árum eftir atburðina í *Loftkastalinn sem hrundi* og þau Lisbeth og Mikael hafa ekki talast við í langan tíma. Að því kemur þó auðvitað að leiðir þeirra liggja saman á ný við rannsókn dularfulls og hrottalegs morðs þar sem fleira býr að sjálfsgöðu að baki en sýnist í fyrstu.



Með hlutverk Lisbeth í þetta sinn fer enska leikkonan Claire Foy og í hlutverki Mikael er nú Íslendingurinn Sverrir Guðnason sem síðast túlkaði Björn Borg snilldarlega í myndinni *Borg McEnroe*. Um leikstjórnina sá hins vegar Úrúgvæinn Fede


Alvarez sem sendi síðast frá sér spennutryllinn *Don't Breathe*. *The Girl in the Spider's Web* verður frumsýnd í lok október og er óhætt að segja að fyrsta stiklan úr henni sem frumsýnd var á dögnum lofi góðu. Þess ber að geta að til stendur einnig að kvikmynda bók númer fimm, *Mannen som sökte sin skugga*, en hún nefnist á ensku *The Girl Who Takes an Eye for an Eye* og *Stúlkan sem gat ekki fyrirgefið* í íslenskri þýðingu Höllu Kjartansdóttur.



Jennifer Gardner mun heldur betur hlaða byssurnar í spennu-, hasar- og hefndarmyndinni *Peppermint* sem er væntanleg í bíó í september og er í leikstjórn Pierre Morel sem gerði hasarmyndirnar *Banlieue 13 (District 13)* og fyrstu *Taken*-myndina. Þar leikur hún Riley North sem missir eiginmann sinn og dóttur í skotárás þriggja manna sem eru á vegum voldugs eiturfjakóns. Morðingjarnir þrír nást en málinu gegn þeim er vísað frá vegna „skorts á sönnunargögnum“. Hið rétta er að bæði hluti lögreglumanna sem stóðu að handtökunni og dómarnir eru á launaskrá eiturfjakónsins.


Eftir sýndarréttarhöldin lætur Riley sig hverfa í fimm ár. Þau notar hún til að læra bæði á skotvopn og æfa bardagataekni, enda er hún staðráðin í að ná fram réttlæti á þeim mönnum sem sviptu hana því sem hún unni heitast. Þar duga ekki bara þeir þrír sem frömdu verknaðinn heldur allir sem eru á launaskrá eiturfjakónsins að honum sjálfum meðtöldum svo og þeim spilltu lögreglumönnum sem hylmdu yfir með morðingjunum og að sjálfsgöðu dómarnum.

Fyrsta stiklan úr *Peppermint* var frumsýnd fyrir skömmu og geta áhugasamir hasarmyndunnendur að sjálfsgöðu séð þar á hverju þeir eiga von þegar myndin kemur í bíó, en það lítur vel út.



Kvikmyndin *Searching* eftir leikstjórn og handritshöfundinn Aneesh Chaganty vakti mikla athygli á Sundance-kvikmynda-hátíðinni í febrúar þar sem hún hlaut áhorfendaverðlaunin sem besta myndin í sínum flokki. Myndin fjallar um mann að nafni David Kim (leikinn af John Cho sem lék m.a. Harold í *Harold & Kumar*-myndunum og Sulu í *Star Trek*-myndunum) sem bregður í brún einn góðan veðurdag þegar hann uppgötvar að sextán ára dóttir hans, Margot, er horfin. Eftir að hafa leitað hennar og vísbendinga um hvað orðið hafi af henni án árangurs setur hann sig í samband við lögregluna. Þar tekur við málinu lögreglukonan





Rosemary Vick (Debra Messing) sem kemst fljótlega að því að Margot hafi ekki verið öll þar sem faðir hennar sá hana og að hún hafi verið flækt í sérkennileg mál og sennilega lifað tvöföldu lífi. Í framhaldinu ákveður David að brjótast inn í tölvu dóttur sinnar í leit að einhverju sem gæti leitt hann á spor hennar áður en það verður of seint því hvort sem hann hefur vitað allt um dóttur sína eða ekki er hann alveg 100% viss um að hún hefði aldrei látið sig hverfa af sjálfsdáðum. Einhver þriðji aðili þarna úti ber ábyrgðina á því.

*Searching* þykir ákaflega frumleg saga og vel leikin mynd og hafa þeir gagnrýnendur sem skrifað hafa um hana gefið henni toppdóma, t.d. Peter Debruge hjá Variety sem gefur henni 9,5 í einkunn, Kate Erbland hjá IndieWire sem gefur henni 8,4 og Todd McCarthy hjá The Hollywood Reporter sem gefur henni 8,0 í einkunn. Það er samdóma álit þeirra allra að myndin sé ein óvæntasta ánægja ársins, þrælgóð glæpasaga sem er skemmtilega sögð og býður upp á mikla spennu, margar fléttur og óvæntan endi. *Searching* fer í almenna dreifingu í september en þangað til geta áhugasamir auðvitað kynnt sér hana betur á netinu, t.d. skoðað stikluna sem þykir ekki síður frumleg en myndin sjálf.




*Once Upon a Time in Hollywood* er fyrsta myndin sem Leonardo DiCaprio leikur í síðan hann lék í *The Revenant* og um leið önnur Tarantino-myndin á eftir *Django Unchained* sem hann er með í.

Tökum á næstu mynd Quentins Tarantino er nú að mestu lokið en eins og fram hefur komið gerist hún í ágúst 1969 og fjallar um leikara og staðgengil hans sem eru að reyna að skapa sér nafn í Hollywood, en þeir eru leiknir af Leonardo DiCaprio og Brad Pitt. Ljóst er að Sharon Tate kemur nokkuð við sögu, en Sharon, sem var eiginkona Romans Polanski, var myrt 9. ágúst 1969 af meðlimum Manson-klíkkunnar svonefndu sem kennd er við Charles Manson. Sharon er leikin af Margot Robbie, en annars er svo lítið vitað um atburðarás sögunnar að það borgar sig ekkert að spá í það. Hitt er annað mál að til að leika í myndinni hefur Tarantino safnað vænum her þekktra nafna, bæði úr þeim stóra hópi sem hefur unnið með honum (oft) áður svo og nýjum. Fyrir utan þau þrjú sem hér hafa verið nefnd, þ.e. Leonardo DiCaprio, Brad Pitt og Margot Robbie, eru m.a. í leikhópnum þau Dakota Fanning, Al Pacino, Kurt Russell, Burt Reynolds, Tim Roth, Luke Perry, Michael Madsen, James Marsden, Zoë Bell og Scoot McNairy. Þess má svo geta að frumsýningardagur myndarinnar hefur verið ákveðinn 9. ágúst á næsta ári þegar nákvæmlega fimmtíu ár eru liðin frá því að Sharon Tate var myrt.



James Gunn, leikstjóri og handritshöfundur *Guardians of the Galaxy*-myndanna tveggja sem gerðar hafa verið tilkynnti á dögunum á Twitter að hann hefði nú lokið við handritið að þriðju myndinni sem áætlanir standa til að verði frumsýnd sumarið 2020. Um leið hófust að sjálfsögðu umræður um hvernig sagan yrði og hvort hún gerðist fyrir eða eftir atburðina í *Avenger: Infinity War*. Spurningin er auðvitað gild eins og þeir vita sem séð hafa þá mynd en að sjálfsögðu lét James engar frekari útlístanir fylgja enda eru þeir sem vinna við gerð Marvel-myndanna bundnir ströngum



þagnareiði og mega lítið sem ekkert segja um þær nema hafa til þess formlegt leyfi. Slíkt leyfi virðist Tom Holland reyndar hafa fengið á dögunum þegar hann tilkynnti á sínum samfélagsmiðlum að næsta mynd um Spider-Man myndi ekki heita *Homecoming 2* eins og flestir hafa kallað hana heldur *Far From Home*. Sú nafngift hefur líka vakið upp miklar umræður á meðal Marvel-aðdáenda sem eru í ljósi þess hvernig *Infinity War* lauk skiljanlega meira en lítið spenntir að fá að vita hvernig leysa á úr þeim „vandamálum“ köngulóarmannsins sem Thanos bjó til þar – sem um leið eru líka vandamál margra annarra sem tilheyrja Marvel-heiminum. Við hér á Myndum mánaðarins höfum auðvitað ekki hugmynd um það frekar en aðrir og verðum bara að biða.



Þær eru orðnar ansi margar bíómyndirnar sem byggðar hafa verið á ævintýrinu um Hróa hött og félagar hans í Skírisskógi og nýlega var stiklan úr þeirri nýjustu gerð opinber en hana á að frumsýna í desember næstkomandi. Myndinni, sem heitir einfaldlega *Robin Hood*, er leikstýrt af Otto Bathurst og í þetta sinn er það Taron Egerton sem leikur kappann og þeir Jamie Foxx og Jamie Dornan leika tvo af tryggustu félögum hans, Litla-Jón og Vilhjálmar skarlat. Sem fyrr snýst sagan um uppreisnina gegn fógetanum í Nottingham, sem Ben Mendelsohn leikur, og ástarsögu þeirra Robins og Marian (Eve Hewson), en það sem skilur þessa mynd hins vegar frá öðrum sem gerðar hafa verið um Hróa eru bardagaatriðin, sérstaklega þau þar sem Hrói mundar bogann og örvarnar af óvenju miklu listfengi. Sýnishorn af þeim er að finna í áður nefndri stiklu myndarinnar sem finna má á netinu og áhugafólk ætti tvímælalaust að kíkja á.





Tom Cruise leikur að sjálfsgöðu Ethan Hunt á ný í *Mission Impossible: Fallout* og þau Simon Pegg, Rebecca Ferguson og Ving Rhames verða aldrei langt undan sem þau Benjamin „Benji“ Dunn, Ilsa Faust og Luther Stickell.

## Árangur kostar fórnir

Ágúst verður flottur bíómánuður og fjölbreyttur en á dagskrá mánaðarins eru þrettán myndir úr öllum áttum og hér rennum við lauslega yfir níu þeirra. Um þær og hinar myndir mánaðarins munum við að sjálfsgöðu fjalla betur í næsta blaði, ágústblaðinu.

Sjötta *Mission Impossible*-myndin, *Fallout*, verður frumsýnd strax 1. ágúst og því er lofað að Ethan Hunt og félagar hafi sjaldan séð það svartara en í henni. Inngangur sögunnar er á þá leið að aðgerð sem þau eiga að framkvæma fer úrskaiðis með þeim afleiðingum annars vegar að heiminum stafar stórhætta af og hins vegar að Ethan er ekki treyst lengur fyrir verkefnum. Við þá stöðu getur hann auðvitað ekki unað og í gang fer æsilegt kapphlaup við tímann þegar Ethan gerir djarfa áætlun um að ljúka verkinu sem misförst áður en það verður of seint og um leið að hreinsa nafn sitt af ásökunum um að hafa á einhvern hátt brugðist sínum skyldum. Myndin inniheldur milljón áhættuatriði.



## Hvað er í matinn?

Áhugafólk um kvikmyndir sem einnig kann að meta hákarla í yfirstærð fær óskir sínar uppfylltar þann 8. ágúst þegar stærsti hákarl kvikmyndasögunnar fer á kreik, staðráðinn í að éta allt sem hann kemur auga á og hreyfist eins og matur. Eins og sjá má á plakatinu hér til vinstri eru það engar ýkjur að segja hákarlinn stóran því hann er svo stór að risahákarlinn sem gæddi sér á Robert Shaw og nokkrum óheppnum aukaleikurum í *Jaws* á sínum tíma er eins og skordýr í samanburðinum. Reyndar kemur í ljós að hér er ekki um neina venjulega hákarlategund að ræða sem hefur stækkað svona svakalega heldur forsögulegt kvikindi sem allir héldu að væri fyrir löngu útdautt og nefnist megalodon á fræðimáli, en það má þýða á íslensku sem „stórtönn“.

Til að glíma við kvikindið og bjarga deginum dugur auðvitað ekkert annað en að fá Jason Statham í verkið, en hann leikur hér Jonas Taylor, aðalmanninn í teymi vísindamanna sem stunda neðansjávarrannsóknir í neðansjávurstöð undan ströndum Kína þar sem hákarlinn skýtur fyrst upp ugganum. Reyndar list Jason ekkert á viðureignina í fyrstu en þegar líf félaga hans í rannsóknarstöðinni liggur við neyðist hann til að taka slaginn hvort sem honum líkar betur eða verr. Með aðalkvenhlutverk myndarinnar fer kínverska leikkonan Bingbing Li og í öðrum stórum hlutverkum eru m.a. þau Ruby Rose, Rainn Wilson og enginn annar en okkar maður, Ólafur Darri Ólafsson. Vonandi endar hann ekki á matseðlinum.



Bingbing Li og Jason Statham.



Kate McKinnon og Mila Kunis leika vinkonurnar Morgan og Audrey sem flækjast óvart inn í alþjóðlegt samsæri

## Konur í kröppum dansi

Það er alltaf pláss fyrir gott grín og allt útlit fyrir að af því verði nóg í myndinni *The Spy Who Dumped Me* sem frumsýnd verður í bióhúsunum 8. ágúst. Hún er eftir leikstjórn og handritshöfundinn Susönnu Fogel sem á eina bíómynd að baki, *Life Partners*, en hún var frumsýnd árið 2014 og þykir afar góð mynd í alla staði og mjög myndin.



*The Spy Who Dumped Me* segir frá vinkonunum Morgan og Audrey sem ákveða að fara til Evrópu og slaka á eftir að unnusti Audrey segir henni upp. En áður en þær leggja í hann komast þær að því í gegnum dularfulla en vinsamlega menn sem yfirheyra Audrey að unnustinn fyrrverandi er í raun njósnari. Audrey vissi auðvitað ekkert um það og hefur ekki hugmynd um hvar hann er niðurkominn. Hún verður því afar hissa þegar þær sjá fyrrverandi dúkkar upp í íbúðinni hennar og það sem verra er, að hann skuli vera með leigumorðingja á hælunum. Þar með verður hún einnig skotmark leigumorðingjans og það er með naumindum að henni og Morgan takist að sleppa upp í flugvél og fara í hina fyrirhuguðu ferð til Evrópu. Vandamálið er að leigumorðingjar geta líka farið til Evrópu og áður en þær vinkonur ná að taka upp úr töskunum eiga þær fótum fjör að launa. Tekst þeim að snúa aðstæðunum sér í vil? Við fáum að vita það í ágúst.



Þeim Audrey og Morgan list auðvitað ekkert á að vera orðnar skotmörk leigumorðingja en hvað geta þær gert?



# Kellogg's

# NÝTT!

## SPECIAL K PRÓTEINSTYKKI

### JÁKVÆÐ ORKA, JÁKVÆÐ HOLLUSTA!



FULLT AF ALVÖRU PRÓTEINI –  
HNETUM, FRÆJUM  
OG MÖNDLUSMJÖRI



**EINUNGIS 120 KALORÍUR!**





Ewan McGregor leikur Christopher Robin, son Alans Alexander Milne sem skrifaði sögurnar um Bangsímon, en í þeim var Christopher fyrirmyndin að hinum mannlega besta vini Bangsímons enda voru þeir alnafnar – og perluvinir í alvörinni.

## Upplifðu æskuna aftur

Disney-myndin *Christopher Robin* verður frumsýnd um miðjan ágúst og það má alveg bóka að hún eigi eftir að njóta vinsælda. Myndin er hluti þeirrar kvikmyndaseríu sem Disney-fyrirtækið hleypti af stokkunum fyrir nokkrum árum og hefur getið af sér myndir eins og *Malificent*, *Cinderella*, *Jungle Book* og núna síðast, *Beauty and the Beast*. Sá er þó munurinn að sagan í þessari mynd er ekki byggð á eldri teiknimynd eins og þær fyrri voru heldur er hér um að ræða nýja sögu sem hefur ekki verið sögð áður.


Christopher Robin er nú orðinn fullorðinn og býr í London. Hann er svo gott sem búinn að gleyma æskuævintýrum sínum með Bangsímon og félögum í Hundradekruskógi þegar hann hittir Bangsímon óvænt á ný í garði einum í borginni. Upp úr því hefst nýtt ævintýri í lífi þeirra beggja.



Mark Wahlberg leikur sérsveitarmanninn James Silva sem tekst á hendur nánast óleysanlegt verkefni.

## Að duga eða drepast

Við skrifuðum dálítið um stiklu myndarinnar *Mile 22* í síðasta blaði enda full ástæða til því hún var með þeim allra bestu sem frumsýndar voru í maí. Þann 17. ágúst kemur þessi mynd svo í bió og við hér á Myndum mánaðarins þorum alveg að fullyrða að hún á eftir að afla sér þess orðspors að vera ein af myndum ársins í hasarmyndaflokknum.



Myndin er gerð af Peter Berg og segir frá sérsveitarmanninum James Silva (Mark Wahlberg) sem fær það erfiða og vandasama verkefni að smygla asískum lögreglumanni úr landi sínu, en sá hafði leitað til bandaríska sendiráðsins um vernd þar sem hann bjó yfir upplýsingum sem aflað höfðu honum dauðadóms hjá eigin stjórnvöldum og tengjast eiturvopnaframléiðslu. Verkefnið virðist nánast óframkvæmanlegt því sendiráðið er umkringgt þungvopnuðum mönnum sem hefur verið fyrirskipt að drepa flóttamanninn um leið og hann reynir að yfirgefa sendiráðið. En James leggur samt í hann.


*Mile 22* er fjórða myndin eftir Peter Berg sem Mark Wahlberg leikur aðalhlutverkið í en þeir eru einnig aðalframléiðendur hennar ásamt Stephen Levinson sem m.a. framleiddi *Entourage*- og *Boardwalk Empire*-þættina. Þess má geta að þegar hefur verið ákveðið að gera aðra mynd um James Silva, en hlutverk hans var skrifað sérstaklega með Mark Wahlberg í huga og eftir hans höfði.



Asíski flóttamaðurinn sem James þarf að smygla úr landi er leikinn af bardagalistamanninum Iko Uwais.

## Hvað vill hann?

Tryllir ágústmánaðar verður myndin *Slender Man* eftir leikstjórnann Sylvain White sem gerði myndina *Loosers* árið 2010. Handritið er skrifað af David Birke sem skrifaði m.a. handritið að hinni margverðlaunuðu mynd *Elle* og er sagan byggð á karakter sem kom fyrst fram á sjónarsviðið á netinu árið 2009 og er hugarfóstur Erics Knudsen sem kallar sig reyndar höfundarnafninu Victor Surge. Karakterinn hefur getið af sér ýmsar afurðir á undanförunum árum, þ. á m. tölvuleiki, smásögur og stuttmyndir og vakið svo mikla athygli að það var bara tímaspursmál hvenær fyrsta alvöru bíómyndin um hann yrði gerð. Hún verður frumsýnd 24. ágúst. Kíkið á stikluna ef þið þorið.





# Andaðu léttar í sumar



## Kröftugt ofnæmislyf án lyfseðils

**Lóritín® Lóratadín 10 mg.** Lóritín töflur innihalda virka efnið lóratadín 10 mg. Lóritín er ofnæmislyf sem dregur úr ofnæmis einkennum eins og nefrennsli, kláða í augum, ofsakláða og ofnæmiskvefi. Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: **1 tafla á dag.** Vinsamlegast skoðið fylgiseðil lyfsins vegna skammta fyrir annan aldur. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Fæst í 10, 30 og 100 stk. Pakkningum. Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 7 daga. **Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins.** Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)






Alpha segir af fyrsta manninum sem vingaðist við úlf, en frá þeim er allt hundakynið komið.

## Upphafið að vináttunni

Bíómyndin *Alpha* er væntanleg í bíóhúsin undir lok ágúst, en hún er eftir leikstjóran Albert Hughes, annan Hughes-bræðrana sem gerðu t.d. myndirnar *Menace II Society*, *Dead Presidents*, *From Hell* og *The Book of Eli*. Myndin gerist fyrir 20 þúsund árum, þ.e. undir lok síðustu ísaldar, einhvers staðar á meginlandi Evrópu og segir frá ungum dreng, Keda, sem eftir misheppnaða veiðiferð með föður sínum verður viðskila við hann og aðra veiðifélaga þeirra. Hann neyðist því til að sjá um sig sjálfur þangað til honum tekst að finna fólk sitt aftur eða það finnur hann.



Dag einn gengur hann fram á illa særðan úlf sem undir venjulegum kringumstæðum væri einn af hans verstu óvinum en getur nú litla sem enga björg sér veitt. Keda ákveður að taka hann með sér í hellinn sem hann hefur fundið og gerir í framhaldinu sitt besta til að bæði fæða úlfinn og hjúkra honum. Smám saman fer úlfurinn að treysta bjargvætti sínum betur og betur uns á milli þeirra myndast órjúfanleg vinátta sem á í raun eftir að breyta mannkyninu því þetta er í fyrsta sinn sem maður og úlfur mynda á milli sín slíkt traust. Með hlutverk Keda fer Kodi Smit-McPhee og eins og margir vita þegar er það Jóhannes Haukur Jóhannesson sem leikur föður hans, Tau.



Melissa McCarthy leikur lögreglukonuna Connie Edwards sem fær fyrrverandi lögreglubróðuna og nú einkaspæjarann Philip Phillips í lið með sér þegar einhver, eða einhverjir, byrja að myrða brúður eins og hann í massavís.

## Dularfulli brúðumorðinginn

Grínglæpamyndin *The Happytime Murders* gerist í veröld þar sem brúður eins og þær sem við þekkjum sem prúðuleikarana en urðu fyrst vinsælar í þáttum eins og *Sesame Street*, eru í raun sprellifandi borgarar. Myndin er gerð af Brian Henson, syni upphafsmanns prúðuleikaranna, Jims Henson, og segir frá því þegar lögreglukonunni Connie Edwards er falið að rannsaka morð á brúðu sem er bróðir fyrrverandi lögreglufélaga hennar, Philip Phillips, en Philip þessi hafði verið rekinn með skömm úr lögreglunni vegna ósiðlegs athæfis og gerðist þá einkaspæjari í staðinn. Connie ákveður samt að leita liðsinnis hans og þegar í ljós kemur að morðið á brúður hans var bara forsmekkurinn að þeirri morðöldu sem fer í gang fá þau meira en nóg að gera. Myndin verður frumsýnd seinni hlutann í ágúst.



## Gættu þess hvers þú óskar þér

Níunda og síðasta myndin sem við kynnum hér af þeim myndum sem frumsýndar verða í ágúst heitir því örstutta nafni *Kin*. Hún flokkast sem hasar og visindaskáldsaga og er eftir bræðurna Jonathan og Josh Baker og um leið þeirra fyrsta mynd í fullri lengd. Að baki eiga þeir nokkrar stuttmyndir, þar á meðal myndina *Bag Man*, en *Kin* er einmitt byggð á þeirri hugmynd sem þar kom fram. Við förum ekki nánar út í söguþráðinn hér, geymum það til næsta blaðs, en með aðalhlutverkin fara þau þrjú sem eru á myndinni hér fyrir neðan, Zoë Kravitz, Jack Reynor og Myles Truitt og í öðrum veigamiklum hlutverkum eru þau James Franco, Carrie Coon og Dennis Quaid. Sjáið stíkluna!







**GÓÐUR BITI**



## Stærðin skiptir máli

*Ant-Man and the Wasp* gerist um tveimur árum eftir atburðina í *Captain America: Civil War* og segir frá því þegar uppfinningamaðurinn Hank Pym felur Scott Lang nýtt verkefni sem snýst um að grafa upp hættulegt leyndarmál úr fortíðinni. Og í þetta sinn þarf Scott ekki að glíma við vandann einn heldur nýtur hann aðstoðar dóttur Hanks, Hope, öðru nafni The Wasp.

Það biða sjálfsagt margir eftir mynd númer tvö um mauramanninn en sú fyrri sló hressilega í gegn sumarið 2015, ekki síst vegna þess að hún innihélt mikinn húmor og dálítið önnur efnistöð en fólk var vant úr fyrri Marvel-myndum. Ekkert fer á milli mála, a.m.k. þegar stiklurnar úr nýju myndinni eru skoðaðar, að í henni verður lögð jafnvel enn meiri áhersla á grínið, enda eru stiklurnar bráðfyndnar þótt auðvitað sé líka stutt í hasarinn og baráttuna fyrir því að hið illa nái ekki að sigra. Eins og áður, þegar um Marvel-mynd er að ræða, hefur söguþræðinum í *Ant-Man and the Wasp* verið haldið leyndum en það má þó nokkurn veginn bóka að myndin verður hreinræktuð toppskemmtun fyrir alla unnendur ofurhetjumynda ...



## Ant-Man and the Wasp

Evintýri / Ofurhetjur

12 108 mín

**Aðalhlutverk:** Paul Rudd, Evangeline Lilly, Walton Goggins, Michael Douglas, Hannah John-Kamen, Judy Greer, Michelle Pfeiffer, Michael Peña og Laurence Fishburne **Leikstjórn:** Peyton Reed **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbío, Bíóhúsið Selfossi, Ísafjarðarbío, Eyjabío, Bíóhöllin Akranesi, Króksbío og Skjaldborgargbío

Frumskýnd 4. júlí

Þau Hope van Dyne og Scott Lang (Evangeline Lilly og Paul Rudd) eru óstöðvandi þegar þau eru komin í búningana sem breyta þeim í The Wasp og Ant-Man og gæða þau ofurkröftum og ofurhæfileikum.

## Punktur .....

- Leikstjóri myndarinnar er sá sami og síðast, Peyton Reed, en hann gerði m.a. einnig myndirnar *The Break-Up*, *Yes, Man* og *Bring it On*.
- Þótt sagan í *Ant-Man and the Wasp* hafi ekki verið gerð opinber er þó ljóst að þau Scott og Hope munu eiga í höggi við Drauginn eða Ghost sem leikin er af Hönnuh John-Kamen, en eins og lesendur myndasögublaðanna vita þá var hann (eða hún) einn af höfuðóvinum Iron Man og hefur ekki áður átt í höggi við Ant-Man.
- Eins og í fyrri Marvel-myndum kemur hinn rúmlega níráði en alltaf hressi Stan Lee fram í feluhlutverki í *Ant-Man and the Wasp*.



Dr. Hank Pym, sem Michael Douglas leikur hér á ný, en hann er sá sem fann upp tæknina á bak við búninga Ant-Man og The Wasp.

### Veistu svarið?

Michelle Pfeiffer leikur móður Hope (eða The Wasp) í *Ant-Man and the Wasp* og er þetta um leið í annað sinn sem hún leikur í mynd um ofurhetjur. Hver var sú fyrri?



Batman Returns




Eins og allir vita getur Ant-Man smækkað sig niður í skordýrastærð en hann getur líka stækkað sig þegar á þarf að halda.





**KAUPTU  
3 DÓSIR OG  
ÞÚ FÆRÐ  
FÓTBOLTAMARK\***




\*18+. Taktu þátt frá 05.02.18 til 28.09.18. Kaupu 3 dósir og borgaðu 390 kr. til að fá fótboltamarkið þitt. Mest 2 á mann. Nánar um skilmála á Pringles.com.



## Lagt upp í langferð

Sagan um Ajatashatru Oghash Rathod sem þóttist vera göldróttur fakír og plataði heimafólk sitt í bænum Rajasthan á Indlandi til að láta sig fá peninga svo hann gæti farið til Parísar að kaupa naglarúm í IKEA. En málið reyndist ekki svo einfalt.

Grín- og ævintýramyndin *Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA-skáp* er byggð á samnefndri metsölubók franska rithöfundarins Romain Puértolas sem kom út árið 2013 og hefur síðan verið þýdd á fjölda tungumála, þ. á m. á íslensku af Friðrik Rafnssyni á vegum JPV-bókaútgáfunnar árið 2014. Hér er um sérlega fyndna og skemmtilega sögu að ræða en ferðalag fakírsins á eftir að verða mun umfangsmeira en hann hafði gert ráð fyrir þegar röð tilviljana breytir því í allsherjar Evrópureisu með fjölbreyttum hliðarævintýrum þar sem Ajatashatru eignast alls konar vini á ólíklegustu stöðum. Um leið er sagan líka flugbeitt háðsádeila á nútíma samfélag þar sem tekið er á sammannlegum þáttum eins og leitinni að ástinni, viðurkenningu og öryggi á viðsjárverðum tímum. Í heildina séð stendur þó upp úr að *Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA-skáp* er ein besta „feel good“-mynd ársins og um leið mynd fyrir alla kvikmyndaunnendur.



## Ævintýraferð fakírsins sem festist inni í IKEA-skáp

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Dhanush, Bérénice Bejo, Erin Moriarty, Barkhad Abdi, Gérard Jugnot, Ben Miller, Abel Jafri og Kay Greidanus **Leikstjórn:** Ken Scott **Bió:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 4. júlí



Aðalhlutverkið í myndinni, hlutverk plat-fakírsins Ajatashatrus Oghash Rathod, er í höndum tamíl-indverska leikarans Venkatesh Prabhu sem er betur þekktur undir sviðsnafni sínu, Dhanush.

## Punktar .....

- Leikstjóri myndarinnar er Ken Scott sem sendi frá sér grínsmellinn *Starbuck* árið 2011 og síðan endurgerð hennar, *Delivery Man*. Handritið er hins vegar eftir höfund sögunnar, Romain Puértolas, og Luc Bossi sem skrifaði m.a. handrit myndarinnar *Mood Indigo*.



Í upphafi sögunnar kynnumst við Ajatashatrus, eða Aja eins og hann var ætíð kallaður, í æsku. Það er Hearty Singh sem leikur hann ungan.

### Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í punktunum til hægri gerði Ken Scott hina stórskemmtilegu mynd *Starbuck* árið 2011 sem hann síðan endurgerði á ensku undir heitinu *Delivery Man* árið 2013. Hver fór með aðalhlutverkið í ensku útgáfunni?



Vince Vaughn.



Þau Marie og Gustave (Erin Moriarty og Gérard Jugnot) eru tvær af þeim persónum sem Ajatashatrus hittir á ferðum sínum og eiga þau bæði eftir að hafa veruleg áhrif á sögu hans, hvort á sinn hátt.



## Jafnvel skrímsli þurfa frí

Þegar Mavis, dóttir Drakúla, fær áhyggjur af stöðugri vinnu-semi föður síns ákveður hún að skipuleggja frí fyrir þau og helstu vini þeirra – frí sem verður þeim öllum ógleymanlegt!

Drakúla greifi mætir aftur í bíó 11. júlí ásamt dóttur sinni, eiginmanni hennar og nokkrum bestu vinum þeirra og halda þau nú suður á bóginn þar sem ævintýraferð með skemmtiferðaskipi bíður þeirra. Hugmyndin er að slaka almennilega á í tunglskinsblíðunni og til að byrja með virðist það ætla að takast. En þegar Drakúla verður yfir sig hrifinn af skipstjóranum Eriku vandast málin því undir blíðu og faguðu yfirborðinu er Erika allt önnur kona en hún þykist vera ...



## Hótel Transylvanía 3: Sumarfríð

Teiknimynd



L 97 mín

**Íslensk talsetning:** Orri Huginn Ágústsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Salka Sól Eyfeld, Sigurbjartur Sturla Atlason, Heiðar Þórðarson, Valdimar Örn Flygenring, Hjálmar Hjálmarsson, Gísli Rúnar Jónsson, Björgvin Franz Gíslason og fleiri  
**Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Egilshöll og Borgarbíó Akureyri

**Frumskýnd 11. júlí**



Fyrri tvær *Hótel Transylvanía*-myndirnar slógu í gegn enda sérlega fjörugar og fyndnar mynd sem allir á öllum aldri kunna að meta.







**Ekki líta niður**

Þegar árás er gerð á hæstu byggingu heims í Hong Kong og skæður eldur brýst út ofarlega í henni er yfirmanni öryggismála í turninum og fyrrverandi sérsveitarmanninum Will Sawyer kennt um. Blásaklaus af verknaðinum lendir Will nú í kapphlaupi við að hreinsa nafn sitt en það sem er enn mikilvægara fyrir hann er að bjarga eiginkonu sinni og tveimur börnum sem eru afkróuð í turninum - fyrir ofan eldhafið.

Skyscraper er önnur myndin sem þeir Dwayne Johnson og leikstjórninn og handritshöfundurinn Rawson Marshall Thurber gera saman en sú fyrri var *Central Intelligence* sem var frumsýnd 2016. Þar voru þeir í gríngírnum sem einkennt hefur myndir Rawsons, t.d. *We're the Millers* og *Dodgeball: A True Underdog Story*, en í þetta sinn er heldur betur annað uppi á teningnum og verður gaman að sjá útkomuna.

Eftir að Will Sawyer er sakaður um að bera ábyrgð á árásinni á turninn þarf hann í fyrsta lagi að komast undan lögreglunni og í öðru lagi upp á efri hæðir turnsins þar sem fjölskylda hans er innikróuð. Til þess þarf hann ekki bara að komast í gegnum eldhafið heldur líka í gegnum hóp hryðjuverkamannanna sem gerðu árásina. Og þótt honum takist það eru erfiðleikarnir rétt að byrja því þá er eftir að komast aftur niður ásamt eiginkonunni og börnunum tveimur ...



Skýjakljúfurinn þar sem atburðir myndarinnar gerast að mestu er engin smásmíði heldur hæsta bygging í heimi og teygir sig í 1.066 metra hæð.

**Skyscraper**

Spennumynd / Hasar



**Aðalhlutverk:** Dwayne Johnson, Neve Campbell, Roland Møller, Pablo Schreiber, Noah Taylor, Hannah Quinlivan, Kevin Rankin og Matt O'Leary **Leikstjórn:** Rawson Marshall Thurber **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Keflavík, og Borgarbíó Akureyri

**Frumskýnd 11. júlí**



Neve Campell leikur eiginkonu Wills Sawyer sem ásamt tveimur börnum þeirra króast af uppi í turninum þegar eldurinn brýst út.

**Veistu svarið?**

Neve Campell hefur verið sjaldséð á hvíta tjaldinu að undanförunu en hún á 27 ára leikferil að baki og má segja að stjarna hennar hafi risið hæst árið 1996 þegar hún lék Sidney Prescott í frægri mynd sem gat svo af sér þrjár framhaldsmyndir. Hvaða mynd?



**Punktar .....**

- Skýjakljúfurinn sem Will Sawyer þarf að klífa í *Skyscraper* nefnist Perlan vegna „perlunnar“ á toppi hans sem sést á myndinni hér fyrir ofan, en hún á eftir að koma talsvert við sögu í atburðarásinni.
- Þess má til gamans geta að svo vel fer á með þeim Dwayne Johnson og leikstjóranum Rawson Marshall Thurber að þeir eru þegar byrjaðir á gerð sinnar þriðju myndar saman en hún nefnist *Red Notice* og verður, ef áætlanir ganga eftir, frumsýnd sumarið 2020.



Danski leikarinn Roland Møller leikur einn þeirra sem bera ábyrgð á árásinni á turninn. En hvað gengur honum og mönnum hans til?





Hann þarf frí eftir þetta frí

# HÓTEL TRANSYLVÁNÍA 3

SUMARFRÍÐ

Frumskýnd 11. júlí

## SUMARIÐ ER KOMIÐ Í BÍÓ

DENZEL WASHINGTON



Frá leikstjóra  
THE EQUALIZER OG TRAINING DAY

# THE EQUALIZER 2

FRUMSKÝND 18. JÚLÍ





## Mamma Mia! Here We Go Again

Gamanmynd



**Aðalhlutverk:** Meryl Streep, Lily James, Amanda Seyfried, Pierce Brosnan, Andy García, Colin Firth, Stellan Skarsgård, Julie Walters, Cher, Jeremy Irvine, Hugh Skinner og Josh Dylan **Leikstjórn:** Ol Parker **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Álfabakka, Egilshöll og Keflavík, og Borgarbíó Akureyri

**Frumskýnd 18. júlí**



Þeir Colin Firth, Stellan Skarsgård og Pierce Brosnan snúa aftur og eiga kannski eftir að aðstoða Sophie við að rifja upp gamla tíma.

### Veistu svarið?

Þetta er í annað sinn sem þær Meryl Streep og Cher leika saman í mynd en það gerðu þær einnig árið 1982 í frægri mynd eftir Mike Nichols og voru fyrir leik sinn í henni báðar tilnefndar til BAFTA-, Golden Globe- og Óskarsverðlauna. Hver var myndin?



© 2018 Columbia Pictures Industries, Inc. All Rights Reserved.

## Einu sinni var ...

Nokkur ár eru liðin síðan við kynntumst mæðgunum Donnu og Sophie, vinkonum Donnu og mönnum þremur sem gætu verið barnsfeður hennar. Nú hefur Sophie tekið við rekstri gistiheimilisins og þegar hún verður ófrísk fer hún að hugsa til þess hvernig aðstæðurnar voru árið 1979 þegar hún kom sjálf undir og móðir hennar var í svipuðum sporum og hún er í núna.

Það eru liðin nákvæmlega tíu ár síðan bíómyndin *Mamma Mia!* var frumsýnd við miklar vinsældir um allan heim enda einstaklega skemmtileg mynd í alla staði, fjörug, fyndin og byggð á lagatextum nokkurra af vinsælustu lögum sænsku hljómsveitarinnar ABBA.

Þann 18. júlí er komið að nýrri ABBA-veislu þar sem allir helstu leikararnir úr fyrri myndinni snúa aftur auk nýrra sem leika persónur þeirra árið 1979 þegar Donna hittir þá Bill, Sam og Harry í fyrsta sinn og hóf rekstur gistiheimilisins sem Sophie átti eftir að alast upp í ...



Amanda Seyfried og Meryl Streep í hlutverkum mæðgnanna Sophie og Donnu, en Sophie gengur nú með sitt fyrsta barn undir belt.

## Punktur .....

- Bæði Benny Anderson og Björn Ulvaeus, B-in tvö í ABBA, eru sagðir koma fram í myndinni í smáhlutverkum, en þeir eru meðframleiðendur hennar ásamt Richard Curtis sem kom einnig að handritskrifunum, en Richard gerði hinar frábæru myndir *Love Actually*, *The Boat that Rocked* og *About Time*, auk þess að skrifa handritin að myndunum vinsælu *Four Weddings and a Funeral* og *Notting Hill*.

- Cher leikur ömmu Sophie í myndinni, og þá móður Donnu, og er þetta fyrsta myndin sem hún leikur í síðan 2010. Heyrst hefur að hún syngi í myndinni eina þekktustu ballöðu ABBA, *Fernando*, sem virðist reyndar tengjast persónunni sem Andy García leikur!



Það er Lily James sem leikur Donnu á sínum yngri árum og þær Alexa Davies og Jessica Keenan Wynn leika vinkonur hennar, Rosie og Tanyu.





Aukakrónur

**Þú getur keypt næstum hvað  
sem er fyrir Aukakrónur**



Matvara




Íþrótt- og útivistarvörur



Gjafavara



Kaffihús og veitingastaðir



Heilsurækt



Allt fyrir bílinn



Raftæki



Fatnaður



Afþreying







## The Equalizer 2

Spenna / Hasar



**Aðalhlutverk:** Denzel Washington, Pedro Pascal, Bill Pullman, Melissa Leo, Sakina Jaffrey, Jonathan Scarfe, Orson Bean og Caroline Day  
**Leikstjórn:** Antoine Fuqua **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

**Frumskýnd 18. júlí**



Fyrir utan Robert McCall snúa tvær persónur úr fyrri myndinni aftur, þ.e. Brian sem Bill Pullman leikur og Susan sem Melissa Leo leikur, en hún er sú eina sem þekkir fortíð Roberts jafn vel og hann sjálfur.

### Veistu svarið?

Denzel Washington fagnar um þessar mundir fjörutíu ára leikafmæli en eftir að hafa leikið í smáhlutverkum í sjónvarpi í nokkur ár má segja að hann hafi slegið í gegn í sinni fyrstu bíómynd 1981 þar sem hann lék son Georges Segal. Hvaða mynd var það?



Carbon Copy

## Í þetta sinn er það persónulegt

Robert McCall heldur áfram að útdeila sínu eigin réttlæti til þeirra sem gerast sekir um glæpi gegn samborgurum hans og hikar ekki við að yfir móðuna miklu ef þeir sýna mótþróa. Þegar góð vinkona hans er myrt kemur því ekkert annað til greina en að finna þá seku og láta þá gjalda fyrir þá gjörð.

Uppáhaldsleikari margra kvikmyndaunnenda, Denzel Washington, snýr aftur í bíó þann 18. júlí sem hinn eitilharði Robert McCall, en hann er eins og flestir vita nokkurs konar eins manns rannsóknarteymi og dómstóll – og aftökusveit ef því er að skipta.

Í upphafi þessarar nýju sögu fylgjumst við með Robert takast á við barnaræningja á sinn hátt áður en hann fær þær hörmulegu fréttir að nán vinkona hans hafi verið myrt í árás sem engar haldbærar skýringar eru á. Robert einhendir sér að sjálfsögðu þegar í málið, staðráðinn í að uppgötva ástæður árásarinnar og refsa þeim seku ...



Robert McCall er ekki vanur að sýna glæpamönnum neina miskunn og út af þeirri venju mun hann síður en svo bregða í þessari mynd.

## Punktar .....

- *The Equalizer 2* er fyrsta framhaldsmyndin sem leikstjórninn Antoine Fuqua gerir og sú fyrsta sem Denzel Washington leikur í á ferlinum.
- Þetta er í fjórða sinn sem Denzel Washington leikur í mynd eftir Antoine Fuqua því fyrir utan fyrri *Equalizer*-myndina lék hann líka í myndunum *Training Day* og *The Magnificent Seven*.
- Myndin sækir bæði heiti sitt og aðalpersónu, Robert McCall, til samnefndra sjónvarpsþátta sem gerðir voru á árunum 1985 til 1989 og nutu mikilla vinsælda, m.a. í sjónvarpi hér á landi. Í þáttunum var það breski leikarinn Edward Woodward sem lék McCall, en Woodward lést í nóvember árið 2009, 79 ára að aldri.



Þótt Robert McCall hafi sagt skilið við lögreglustarfið nýtir hann enn skjöldinn til að komast á vettvang glæpanna sem hann rannsakar.



# ÖFLUG SÓLARVÖRN FYRIR ANDLIT







Allar fjölskyldur eiga sín leyndarmál

Þegar móðir Annie Graham deyr virðist dauði hennar um leið leysa úr læðingi einhvers konar álög sem hvílt hafa á Graham-fjölskyldunni um langt skeið og hvorki Annie né eiginmaður hennar, Peter, hvað þá börn þeirra tvö, Steve og Charlie, hafa hugmynd um hvernig eigi að bregðast við. Hvað geta þau gert?

Það gerist nánast á hverju ári að mynd sem er gerð fyrir tiltölulega lítinn pening á mælikvarða Hollywood-mynda slær óvænt í gegn vegna efnistaka og frumlegs söguþráðar og eru slíkar myndir oft nefndar „sleeper-hits“ á ensku kvikmyndamáli. *Hereditary* fór rakleiðis í þann flokk mynda þegar hún var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni í vetur en hún gerir það sem hrollvekjur eiga að gera, þ.e. hræðir áhorfendur upp úr skónum. Myndin verður frumsýnd hér á landi 18. júlí og við skorum á alla hrollvekjunnendur að skella sér á hana án þess að kynna sér söguþráðinn nánar ...



Graham-fjölskyldan samanstendur af foreldrunum Annie og Peter og börnum þeirra, Charlie og Steve, en þau glíma öll við persónulega drauga sem eiga vægast sagt eftir að gera þeim lífið leitt.

Hereditary

Hrollvekja



**Aðalhlutverk:** Toni Collette, Alex Wolff, Milly Shapiro, Gabriel Byrne og Ann Dowd **Leikstjórn:** Ari Aster **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Akureyri og Keflavík, Bíóhúsið Selfossi og Ísafjarðarbíó

Frumskýnd 18. júlí



Annie Graham er módelistamaður sem syrgir látna móður sína sárt.

Veistu svarið?

Það eru liðin nokkuð mörg ár síðan Gabriel Byrne lék síðast í bíómynd sem rataði í íslensk kvikmyndahús en hann fagnar 40 ára leikferilsafmæli sínu í ár og hefur glatt aðdáendur sína mikið með frammistöðu sinni í *Hereditary*. En frá hvaða landi er Gabriel?



landi.

Punktar .....

- ★★★★★ - Empire ★★★★★ - Telegraph ★★★★★ - L.A. Times
- ★★★★★ - RogerEbert.com ★★★★★ - Chicago Sun-Times
- ★★★★★ - Guardian ★★★★★ - Total Film ★★★★★ - IGN
- ★★★★1/2 - Variety ★★★★★1/2 - Screen ★★★★★1/2 - R. Stone
- ★★★★1/2 - Total Film ★★★★★1/2 - Time ★★★★★ - N.Y. Times
- ★★★★ - Vanity Fair ★★★★★ - IndieWire ★★★★★ - TheWrap

• Eins og sjá má á stjörnujöfnni hér fyrir ofan hefur *Hereditary* fengið toppdóma gagnrýnenda og er þegar þetta er skrifað með 8,7 í einkunn 48 gagnrýnenda á Metacritic. Á Rotten Tomatoes er hún með 9,0 í einkunn frá 239 gagnrýnendum og á Imdb.com er hún með 7,7 í meðaleinkunn frá rúmlega 27 þúsund notendum.



*Hereditary* er fyrsta mynd handritshöfundarins og leikstjórans Aris Aster í fullri lengd en hún var frumsýnd á Sundance-kvikmyndahátíðinni síðastliðinn vetur við miklar vinsældir og hefur slegið hressilega í gegn eftir að hún fór í almenna dreifingu í kvikmyndahús heimsins.



TOM  
CRUISE



# MISSION: IMPOSSIBLE FALLOUT

SOME MISSIONS ARE NOT A CHOICE

FRUMSÝND 1. ÁGÚST

SKYDANCE   

EGILSHÖLL 

KRINGLUNNI  SAMBÍÐN

LAUGARÁS  BÍÓ

SMÁRA  BÍÓ

AKUREYRI  SAMBÍÐN

KEFLAVÍK  SAMBÍÐN

ÁLFABAKKA  SAMBÍÐN